Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þegar mamma deyr ung – Hulda

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hulda:

# Tvær sögur

Reykjavík
Bókaverzlun Arinbj. Sveinbjarnarsonar
1918

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Prentsmiðjan Gutenberg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar mamma deyr ung

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vetrarsólin skein hýrlega inn um stafngluggann á baðstofuhúsinu í Árhvammi. Þar inni var ung kona að sauma við borð, undir glugganum. Framan við tágastól hennar sat lítil stúlka á rauðu skammeli og var að stafa. Konan hlustaði og leit við og við niður á stafrofskverið. Ekki var vandi að sjá að þetta voru mæðgur. Líkari gátu þær naumast verið. Sama gullbjarta hárið, sama blíðan og þunglyndið í svipnum, sami bjarti hörundsliturinn, sama vaxtarlagið, fíngert og fagurt. Litla stúlkan var sex ára, en móðir hennar tuttugu og sex.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lítill ofn stóð út í horni og log-
-aði glaður taðeldur í honum; gólfið
var hvítþvegið með sandi. Undir
annari hússhliðinni var rauðmálað
rúm og annað lítið á bak við það
upp við þilið. Ofan yfir bæði rúmin
voru breidd rauðröndótt tvistteppi
heimaofin. Dragkista með dúk úr
sama efni stóð undir skilrúmsstafni
hússins, beint á móti rúmunum;
uppi yfir henni var stundaklukka
á gamalli útskorinni hillu.
Allt, sem var inni í húsinu
lýsti góðum smekk og hreinlæti.

Nú sló klukkan eitt og litla
stúlkan skellti aftur stafrofskverinu
sínu. Hún brosti glatt. „Jeg var
eins fljót og klukkan, mamma",
sagði hún, stóð á fætur, lét staf-
rofskverið ofan í borðskúffu og skamm-
-elið út í horn. Svo kyssti hún
móður sína. „Má jeg nú fara út?"

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Já, biddu Sesselju gömlu að hjálpa þjer í snjósokkana ~~þína~~ og gleymdu ekki vettlingunum þínum – vertu sæl, elskan mín litla." Móðir hennar strauk gulan kollinn og rjóða kinnina. Svo hoppaði Guðný litla fram til dyranna. Þegar hún var farin ljet konan saumana falla í kjöltu sjer og starði hugsandi fram fyrir sig. Hvað mundi verða ef hún ætti að deyja frá henni? Vandi var að fara með slík börn sem hana. En hún vildi ekki hugsa um það. Reyndar var hún heilsutæp, en það voru nú svo margir – og lifðu þó langa æfi. Hún tók upp saumana og keppstist við, en áhyggjusvipurinn hvarf ekki af unglegu andliti hennar. Allt var hljótt um stund. Þá heyrði hún fótatak, sem hún þekkti. Maðurinn hennar opnaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dyrnar, hann gekk til hennar og kysti hana. Svo settist hann framan við borðið, tók litla hárgreiðu upp úr vasa sínum og strauk henni nokkrum sinnum gegn um hárið, það var þykkt, hálfdökkt og vott af svita. Það lifnaði yfir konunni, hún hætti að sauma og leit björtum augum á þetta hraustlega andlit, sem ætíð var með gleði-bragði í návist hennar. Þó að Guðný litla ætti máske að missa móður sína, þá átti hún föður hraustan og góðan. Hún stóð á fætur, kysti hann á svitavott ennið og færði honum þurra sokka og skó.

„Farðu ekki inn, Guðný mín", sagði Sesselja gamla lágt, „farðu ekki lengra, heillin". Og hún tók í hand-legginn á Guðnýju litlu og dró hana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með hægð fram úr húsdyrunum.
„Mamma þín sefur.“ Guðný hlýddi og fylgdist með gömlu konunni fram að rúminu hennar.
„Sittu hjerna hjá mjer þangað til hann pabbi þinn kemur inn.“ Hún setti litlu stúlkuna upp í rúmið hjá sjer. „Heldurðu að þú hefðir nokkuð gaman af því að skoða í hnotukassann minn?
Það þyrfti víst að ráða í konuna mína.“ „Já“, Guðný leit framan í hana, með tárin í augunum.
Sesselja gamla seildist undir sængurhornið til fóta í rúminu sínu og dró fram dálitinn blámálaðan trjestokk með rennuloki og rjetti Guðnýju litlu; hún opnaði og leit ofan í stokkinn. Hann var hálfur af ýmislega litum bandhnotum og þrír prjónastokkir voru þar í öðrum endanum. Það hafði ætíð

verið mesta yndi litlu stúlkunnar, að skoða þessar hnotur og leggi, raða þeim og fá af þeim smáeuda; en nú sat hún þögul með stokkinn og sá óljóst alla liti, vegna tára, sem þrýsti sjer fram undir augnahárin. En hún harkaði af sjer og fór að raða í stokkinn. Sesselja gamla var að smá-yrða á hana; hún sá hvað henni leið og hefði fegin viljað gefa allt, sem hún átti til þess, að geta glatt eftirlæti sitt. Er minnst varði sá hún Guðnýju litlu grípa höndunum fyrir andlitið og tárin hrynja ofan í stokkinn. Hún reyndi að bæla niður grátinn, svo mamma hennar heyrði ekki neitt, en það gekk illa. Þá fleygði hún sjer á grúfu í rúmið og grjet ofan í sængurfötin, sárt og hljóðlega. Sesselja gamla laut ofan að henni,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með tárvot augun.

„Við skulum reyna að vera stilltar, elskan mín – máske mömmu fari nú að batna". Hún fann samt, hve vonlaust var um það, um leið og hún hvíslaði þessum hughreystingar-orðum að barninu. Læknirinn hafði enga von gefið um bata, þegar hann kom þar síðast. „Guð er hjá okkur og hjálpar okkur". – Hún strauk gula lokkana og hvíslaði. Guðný litla grjet lengi ofan í sinn fötin. Loks fór gráturinn að stillast. Gamla konan tók hana upp í fang sitt. „Greiddu nú á mjer og þvoðu mjer um augun, svo mamma sjái ekki, að jeg hafi verið að gráta". Hún talaði lágt og slitrótt af ekkanum. „Blessað barnið", sagði Sess-elja gamla, „þú hugsar út í allt". Og hún fór að greiða henni með gömlu greiðunni sinni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með titrandi fingrum; svo tók hún þurkuna sína, setti Guðrúnu frá sjer á rúmið og gekk fram í eldhús, til þess, að dýfa þurkuhorninu ofan í kalt vatn. Þegar hún kom inn aftur sat Guðrún litla grafkyr, með fingurinn upp í sjer og starði alvarlega beint fram undan sjer. Sesselja tók hana og þerraði brennheit augun með þurkuhorninu sínu.
Hún sat með hana og var að segja henni sögu, þegar húsbóndinn kom inn.

Áslaug í Árhvammi var búin að liggja tæpan mánuð rúmföst. Henni þyngdi stöðugt. Nú vissu allir að hún átti ekki langt eftir. Allir á heimilinu voru daprir og töluðu hljótt, jafnvel fram í bænum. Heimilisfólkinu rann til rifja að sjá Þórarinn húsbónda sinn. Hann var gjörbreyttur. Fölvi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þreyta hvíldi yfir andliti hans, sem gleðin og heilsuroðinn höfðu áður ljómað um. Hann brosti aldrei og ef hann veik frá rúmstokki konu sinnar var það aðeins vegna Guðnýjar litlu og til þess, að gráta á hjarta sínu í einrúmi. Heimilisstörfin nefndi hann ekki við nokkurn. Fólkið vann þegjandi það, sem þurfti til að halda við heimilinu. Þorbjörg ljósmóðir hafði verið fengin til þess að hjúkra Áslaugu. Hún var roskin, stillt kona. Í fjörtán ár var hún búin að sinna hjúkrunarstörfum þar í sveitinni, jafnhliða ljósmóðurstarfinu. Margt raunalegt hafði hún séð og heyrt; en fátt hafði gengið nær henni en þessi vera hennar í Árhvammi. Að horfa á nístandi skilnaðarkvíða þessara ungu hjóna var sárt, en átakanlegast var þó að sjá Guðnýju litlu. Hún hafði ætíð verið stillt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og gott barn, en nú var hún svo alvarleg orðin, að alla furðaði. Hún talaði hljóðlega um barnið og gjekk í kyrþey, eins og fullorðin manneskja. Hún gat lítið borðað og veinaði oft upp úr svefninum. Stundum vaknaði hún snögglega af fasta svefni, þaut upp og starði yfir í rúmið til móður sinnar. Það var ekki líkt því áfinlega, sem föður hennar tókst að fá hana til þess, að sofna aftur. Hún lá í litla rúminu sínu glaðvakandi, með handleggina um hálsinn á pabba sínum, sem allt af svaf í rúminu fast hjá. Þorbjörg sá með sorg, hvernig hún varð æ fölari með hverjum degi sem leið. Faðir hennar tók ekki eins vel eftir því; hann sá hvorki það nje annað fyrir afurþunga sorgarinnar, en hann annaðist dóttur sína

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir mætti. Hún var leið eina, sem batt sundurslitna hugsanaþræði hans við daglega lífið.

Um dagmálabilið á Pálmasunnudag vaknaði Áslaug af blundi. Hún var þjáningaminni en hún hafði verið síðustu sólarhringana. Hún leit í kringum sig og sá Guðnýju litlu. Hún kraup á stól við borðið og horfði alvarlega út í gluggann. Móðir hennar rjetti fram hendina. „Komdu, elskan mín." Hún var veik í rómi. Guðný flýtti sjer til hennar. Hún lagði kollinn á koddann og handleggina um hálsinn á mömmu sinni, undur hjett. Áslaug reyndi að þrýsta henni að sjer með máttvana örmunum. „Hjartans barnið mitt — gleymdu ekki að lesa faðirvorið þitt og versin — vertu æfinlega góð stúlka, þá hjálpar guð þjer og varðveitir þig." Hún gat ekki sagt meira í bráð. Guðný

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litla tásaðist í svæfilinn og klappaði og klappaði með litlu hendinni. Þannig leið stund. Þorbjörg opnaði dyrnar. Guðný leit upp og mamma hennar kysti hana á kollinn.

„Biddu Þorbjörgu að greiða þjer og þvo – það er fallegt að vera hreinlátur." Hún gat ekki talað nema í hálfum hljóðum. Þorbjörg tók blíðlega í handlegg litlu stúlkunnar og leiddi hana á hurðarbak; þar var þvottaborð. Þegar hún var búin að greiða henni og þvo klæddi hún hana í sunnudagakjólinn; Guðný litla vissi hvar hann var geymdur og tók hann sjálf upp úr dragkistu-skúffunni.

„Kystu nú mömmu og farðu svo út á hlað til pabba, biddu hann að sýna þjer hestana."

Þorbjörg vildi reyna að fá þau feðginin til þess, að ganga nokkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spor úti í blíðviðrinu. Þeim veitti sannarlega ekki af því. Guðný litla gerði eins og henni var sagt. Þorbjörg settist á stól við rúm sjúklingsins. Það varð stundarþögn í herberginu. Þá sagði Áslaug lágt: „Má jeg biðja þig bónar, Þorbjörg?" „Já – jeg vildi að jeg gæti gert eitthvað fyrir þig."

„Mig langar til þess að biðja þig, að fara hingað í vor – eiga hjerna heima. Jeg ætla ekki að fara að leggja neinn ráðskonustörf á þig – en jeg veit að þú lítur eftir Guðnýju minni, ef þú ættir hjerna heima." Og nú ultu tár hennar óhindrað ofan á svæfilinn.

„Þetta skal jeg gera, Áslaug, ef guð lofar mjer að lifa." Jeg er nú ekki heilsusterk orðin, hugsaði hún, en hún sagði það ekki, vildi ekki skyggja á ~~þessa~~ hjálparvon deyjandi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

móður. Hún tók um mjallhvítu hendina sem henni var rjett, með veikum burðum. Augu hennar hvíldu, mild og blíð á þessu fagra, föla andliti, sem sýndist eins og blaktandi ljós.
Svo fjell Áslaug í svefnmók. Hún lá þannig mestallan daginn. Klukkan tvö um nóttina var hún dáin. Hún hafði liðið burtu, eins og ljós.

Tveimur dögum eftir að Áslaug í Árhvammi dó, var Þorbjörg ljósmóðir sótt þangað, til konu þar í sveitinni. Hún ofkældist í þeirri ferð; lagðist í lungnabólgu þegar hún kom heim til sín og dó eftir stutta legu.

Hún kom aldrei í Árhvamm til þess, að „líta eftir Guðnýju litlu".

Snemma á slættinum, kvöld eitt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sat Þórarinn í Árhvammi úti á túni með Guðnýju litlu dóttur sína á hnje sjer. Hann var að laga á henni skóinn, sem var bilaður. Heysæti stóðu um allt túnið. Fólkið var nýfarið heim frá samantektinni. Guðný litla hjelt öðrum handleggnum upp um hálsinn á pabba sínum og horfði á hvernig honum gengi að laga skóinn.

„Sesselja gamla þyrfti að gera þjer nýja skó, held jeg", sagði hann þýðlega. „Já, jeg skal biðja hana þess, þegar jeg kem inn".
Hann stóð á fætur og bar hana á handlegg sínum upp túnið. Þarna lá blómdúkkan á þúfu. Hann gerði dálítinn krók á sig til þess, taka hana með sjer. Það gekk nú svo, að ýmislegt gleymdist þar á heimilinu. Allir þeir óteljandi smámunir, sem áður höfðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvílt á herðum tveggja, hvíldi nú á honum einum og ekki var hann ætíð þannig skapi farinn, að hann gæti unnað eftir þeim. En auðsjeð var á svip hans, að honum hafði vaxið þrek síðan hann sat við dánarbeð konu sinnar, veturinn áður. Guðný litla hafði borist hörmulega af við lát og jarðarför móður sinnar. Það varð til þess að hann fjekk nýja krafta. Hún þurfti föður síns með, nótt og dag og hann gleymdi eigin harmi marga stund, vegna áhyggju þeirrar, sem hann hafði af barninu. Þannig leið tíminn til vorsins.

Þegar veðrið var blítt sat hann oft úti á túni, eða uppi í brekkunni með litlu dóttur sína. Tímunum saman gat hann strokið ljósgult hár

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar - það var hár móðurinnar. Hann mændi í augu hennar og fann þar þá sorgbreimu blíðu, sem móðirin hafði borið í augunum. Hönd og fótur, málrómur og viðmót, allt var frá móðurinni og minnti föðurinn hverja stund á þá veru, sem hafði verið samgróin hjarta hans frá því hann var saklaus unglingur. Hún var horfin að fullu og þó sífellt nálæg í þessari litlu, yndislegu dóttur sem sál hans var fjötruð við, vakandi og sofandi.

Og sumarið leið.

Þórarinn vaknaði smátt og smátt til starfa. Hann sá að margt í heimilinu fór aflaga, en fjekk ekki við því gert. Hann var hneigður fyrir heimilisfegurð og heimilisfrið og þess hafði hann notið í ríkulegum mæli, meðan Áslaug lifði. Hún var sístarfandi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ekki var svo afkimi til í heimili þeirra, að hún hefði ekki sett þar merki sitt, – merki fegurðarástar og umhyggju. Það var líkast því, sem ótal ósýnilegar hendur stórfeðm með henni, lagfærðu og prýddu, svo mikla kom hún í verk, þó hún væri fíngerð og heilsutæp. Nú hrundu verk hennar í mola. Vinnukonurnar gerðu reyndar það, sem þær gátu, hver um sig; en þær voru ósamhentar og vildu allar ráða – sjálfum sjer, að minnsta kosti. Heimilið vantaði hönd, sem sameinaði kraftana og stjórnaði þeim. Þórarinn fann þetta. Honum þótti sárt að sjá handaverk Áslaugar skemmast og eyðileggjast og reglur hennar fótumtroðnar.

Hann átti hvorki systur nje móður að til þess, að hjálpa sjer við að reisa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimilið úr rústum. Mesta áhyggju hafði hann þó af uppeldi dóttur sinnar. Hann reyndi, að láta hana lesa og skrifa hjá sjer, en hún lærði ekkert annað. Auðvitað var hún ung, en þó hafði móðir hennar verið farin að byrja að kenna henni að prjóna og fara með nál. Sesselja gamla ljet hana sitja hjá sjer með prjónana sína, en enginn tók sig fram um að sýna henni neitt annað. Þórarinn fjekk sig ekki til þess, að biðja stúlkurnar að segja henni til. Þær höfðu líka nóg annað að gera. Sesselja gamla þjónaði Guðrúnju litlu til fótanna, með hinni mestu nákvæmni. Gætti þess, að hún væri allt af þur í fótunum, bætti og gerði skóna hennar og prjónaði henni sokka. En um fötin hennar skeytti enginn vitund á heim.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-inu. Faðir hennar þvoði henni og greiddi oftast sjálfur. Það var yndi hans, að strjúka og sljetta silkimjúka lokka hennar, en hann gat ekki fljettað á henni sjálfur. Það gerðu stúlkurnar. Þegar hún var háttuð í litla rúminu sínu á kvöldin talaði hún margt við pabba sinn; spurði og sagði frá. Hún var óvenjulega skýr og alvarleg. Faðir hennar hafði yndi af skilningi hennar og stundum flaug glatt bros yfir andlit hans, þegar hún sagði eitthvað skrítið. Annars sást hann varla brosa.

# Þegar leið á veturinn byrjaði nýtt stríð fyrir Þórarni. Hann þurfti að ráða til sín vinnufólk. Áslaug hafði ætíð ráðið vinnukonurnar sjálf. Nú varð hann að gera það líka. En

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það ætlaði ekki að verða stríðlaust, fyrir hann, að fá því ráðið til lykta. Ein setti það upp, að vinnu þeri, ef hún ætti að verða kyr. Önnur vildi ekki vinna þau verk, sem hún hafði haft á hendi og hin þriðja gaf honum í skyn, að hún skyldi verða kyr, ef hann giftist sjer. Þá hætti hann í bráð, að tala um vistarráðin; gramur og ráðalaus. Eftir mikið raus og umstang urðu tvær stúlkurnar kyrrar; en þá, sem hafði mælt til þess, að verða húsfreyja ljet hann fara og rjeði í staðinn, unglingsstúlku af næstu bæ. Sesselja gamla var sjálfsögð, að vera kyr. Hún hafði fylgt Áslaugu að heiman frá foreldrum hennar, úr Fjarlægu hjeraði og Þórarni þótti bæði sjálfsagt og ljúft, að láta hana eiga rólega ellidaga hjá sjer. Hún reyndi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

oft, að minna stúlkurnar á hvernig Áslaug heitin hefði viljað hafa hitt og þetta, en þær tóku nauðuglega undir áminningar hennar. Guðný litla var oftast einhversstaðar í kringum hana, þegar hún var ekki hjá pabba sínum. Gamla konan sagði henni sögur og þulur og rifjaði upp fyrir henni versin og bænirnar, sem móðir hennar hafði kennt henni. Hún unni barninu hugástum bæði vegna móður hennar og vegna þess, hve ástúðleg og skýr hún var sjálf.

Rúmum tveimur árum eftir lát Áslaugar í Árhvammi, tók Þórarinn ráðskonu. Hann var orðinn þreyttur á innanbæjarstjórninni og hafði ekki getað komið í veg fyrir óreglu og sundurlyndi á heimilinu. Hann gat heldur ekki lengur annast uppeldi dóttur sinnar einn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólöf Þórdís var dóttir ~~var dóttir~~ efnaðra hjóna í næstu sveit. Hún var myndarleg og stjórnsöm stúlka; búin að vera tvo vetur í kvennaskóla héraðsins og hinn þriðja í höfuðstaðnum, svo hún var almennt álitin gott húsfreyjuefni. Nú var hún komin í Árhvamm og tekin við heimilisráðum.
Þórarinn fann skjótt mun á heimilinu. Nú hafði hver sitt ákveðið starf. Vinnukonurnar deildu ekki lengur um verkin. Hvar, sem komið var í bæinn sáust merki ~~bæjar~~ hreinlætis og reglu. Þórarinn fann ekkert, sem gramdi hann eða þreytti, þegar hann kom frá störfum sínum. Hann var þakklátur og glaður yfir breytingunni, sem orðin var á örstuttum tíma.
Guðný litla var eftirlát og hlýðin ráðskonunni. Faðir hennar vonaði hins besta um uppeldi hennar. Þegar hann var háttaður á kvöldin talaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann um Ólöfu við Guðrúnu litlu. Sagði henni að nú ætti hún að vera góð við hana og þæg. Hún játaði og horfði á föður sinn; henni fannst hann eitthvað öðruvísi en áður. Með næmleika barnsins fann hún, að hugur hans var ekki lengur helgaður henni einni og minningu móðurinnar.

Og því var þannig varið.
Í fyrstu hafði Þórarinn einungis verið Ólöfu þakklátur. Síðar óx önnur tilfinning við hliðina á þakklætinu hans. Hún varð æ sterkari og að lokum einráð, þegar hann hugsaði um þessa hraustu, fallegu konu, sem hafði gjörbreytt heimili hans. Hann þráði að eiga hana að fullu. Hann mátti ekki hugsa til þess, að missa hana aftur. Hann varð bæði glaður og órór, þegar hann hugsaði til hennar, þar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem hún gekk um á heimili hans,
röskleg og hyggin og skipaði fyrir
verkum, – glaður yfir því, að það
var á hans heimili, sem hún
beitti kröftum sínum og örör yfir
því, að hún var sjálfráð að því
að fara, hvenær, sem hún vildi.
Og hann vildi allt til vinna,
að enginn styggði hana.
# Hún var mjög ólík þeirri konu,
sem hann hafði unnað af alhug
í æsku og tilfinningar hans gagn-
vart henni voru einnig mjög ólíkar
þeim, sem hann hafði borið til æsku-
-vinkonu sinnar. Hún hafði verið
ljúf og blíð og í öllu gert að vilja hans.
Þessi kona var sjálfstæð og fór sína
eigin vegu. Ást hans á Áslaugu
hafði ætíð verið blandin lotningar-
fullri nærgætni. Tilfinningar hennar
voru svo heitar og næmar, að
hann óttaðist að særa hana.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Honum fanst jafnan, að hann gætu fundið muninn á rjettu og röngu í návist hennar. Sakleysi hennar og ~~h~~ næmleiki gerði hann að betra manni. Sál hennar varð honum leiðarsteinn. Því varð hann svo átakanlega ráðþrota þegar hún hvarf honum. Nú var hann þroskaðri. Ný ástríða hafði vaxið í sál hans á skömmum tíma og hún var lík konunni, sem hann þráði.

Sterk, ómótstæðileg og tillitslaus við allt annað en sjálfa sig. Hún gaf honum ekkert ráðrúm til þess, að hugsa um hver afleiðingin yrði fyrir barnið hans, ef hann tæki sjer þessa stúlku fyrir eiginkonu. Þá sjaldan sú hugsun komst að, fanst honum útlitið vera ákjósanlegt í þá átt. Og það var satt, Guðný litla reyndi að gera vilja Ólafar í öllu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Faðir hennar hafði beðið hana þess, en í raun og veru fann hún til sívaxandi ótta og óvilja gagnvart þessari konu, sem hafði komið og tekið föður hennar af henni. Að vísu var Ólöf stundum góð við hana en það gerði hún helst, þegar faðir hennar var viðstaddur. Guðrún litla tók eftir því og skildi, að það var ekki hennar sjálfrar vegna, að henni hlotnaðist þessi blíða. Hún var oft óróleg og einmana, án þess, að faðir hennar tæki eftir því. Hún duldi vandlega tilfinningar sínar og hann fylgdi þeim ekki eftir lengur með jafnmikilli nærfærni og áður, meðan sál hans bjó ótrufluð við minningu og söknuð. Vakinn og sofinn þráði hann Ólöfu. Hann dreymdi arma hennar, mjúka og sterka, hárfljettur hennar, langar og dökkar,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vanga hennar, rjóða og heita og allan þann orku þokka og styrk, sem hún bar með sjer. Ólöf fann að Þórarinn lagði hug á hana og var ánægð. Henni geðjaðist vel að honum og hugði gott til að verða húsfreyja í Árhvammi.

Þegar Guðný litla var að byrja tíunda árið giftist faðir hennar Ólöfu Þórdísi. Nú var hún búin að eignast stjúpu.

Fólkið í Árhvammi svaf fast eftir veizluglauminn og veizlu-erfiðið. En Guðný litla svaf ekki. Hún grúfði sig grátandi í svæfilinn sinn í rúminu ofan við gömlu Serselju. Þar átti hún að sofa eftirleiðis. Rúmið hennar var orðið ofstutt handa henni, en hún sá eftir því, að fara úr herbergi föður síns, þó Ólöf væri nú sest þar að. Hún hafði aldrei

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur